



### 1. grein

Allir eru fæddir frjalsir og jafnir.  
Þú hefur getu til að hugsa og breyta rétt.  
Þú skalt koma fram við aðra með vináttu og virðingu.



### 2. grein

Allir eiga rétt á öllum mannréttindum sem fjallað er um í þessari mannréttinda-yfirlýsingu. Engu mál skiptir af hvaða kynþætti, litarhætti, eða kynferði fólk er, hvaða tungumál það talar eða á hvað það trúir.




### 3. grein

Allir menn eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.



### 4. grein

Þrælahald og þrælaverslun er bönnuð.




### 5. grein

Það er bannað að vanvirða og pína fólk.




### 6. grein

Allir eiga rétt á lagalegum réttindum.  
Allir eiga rétt á að standa vörð um þau hjá dómstólum og annars staðar.



### 7. grein

Allt fólk skal vera jafnt fyrir lögnum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra.




### 8. grein

Ef lagaleg réttindi þín eru brotin getur þú fengið dómara til að gæta þeirra.




### 9. grein

Það má ekki handtaka þig, setja þig í fangelsi eða reka þig úr landi að ástæðulausu.



### 10. grein

Ef þú ert grunaður um að hafa brotið af þér eða framið glæp átt þú rétt á réttlátri rannsókn og að leyst sé úr málinu fyrir óhlutdrægum dómstóli.



### 11. grein

- 1) Þú ert saklaus nema sekt þín hafi verið sönnuð.
- 2) Það má ekki refsast þér fyrir eitthvað sem ekki var bannað með lögum þegar þú gerðir það.




### 12. grein

- Það má ekki raska friði á heimili þín, hnýsast í einkamál þín, skoða póstinn þinn eða skipta sér af því hvernig lífi þú lifir nema góð ástæða sé fyrri því.




### 13. grein

- 1) Þú hefur rétt til að ferðast um landið þitt.
- 2) Þú hefur rétt til að fara úr landi, ferðast til annars lands og geta komið aftur heim.



### 14. grein

- 1) Ef þér er ógnað átt þú rétt á að fara til annars lands og biðja um að fá að vera þar sem flóttamaður.
- 2) Þú missir þennan rétt ef þú hefur framið alvarlegan glæp.



### 15. grein

- 1) Þú hefur rétt á að vera ríkisborgari í landinu þínu.
- 2) Enginn getur tekið burt ríkisborgararétt þitt án góðrar ástæðu. Þú hefur rétt á að sækja um að vera ríkisborgari í öðru landi ef þú vilt.



### 16. grein

- 1) Þegar þú ert orðinn fullorðinn hefur þú rétt á að giftast og eignast fjölskyldu. Báðir aðilarnir hafa sömu réttindi þegar þeir eru í hjúskap. Einnig ef þeir skilja.
- 2) Enginn má neyða þig til að giftast.
- 3) Fjölskyldan er mjög mikilvæg í samfélaginu og stjórnvöld eiga að vernda hana.



### 17. grein

- 1) Þú hefur rétt á að eiga hluti, sjálfur eða með öðrum.
- 2) Enginn hefur rétt á að taka þetta frá þér án góðrar ástæðu.



### 18. grein

- Þú hefur rétt á að ráða hugsunum þínum og á hvað þú trúir. Þú ert frjálst til að stunda hvaða trúarbrögð sem þú vilt.




### 19. grein

- Þú hefur rétt til að hafa eigin skoðanir. Þú hefur rétt á að segja öðrum frá skoðunum þínum.



### 20. grein

- 1) Þú hefur rétt til að fara á fundi og vera aðili í félögum í friðsamlegum tilgangi.
- 2) Enginn getur neytt þig til að vera í félagi.



### 21. grein

- 1) Þú hefur rétt á að taka þátt í stjórn lands þíns, beint eða með því að kjósa einhvern til þess.
- 2) Allir eiga jafnan rétt til að fá vinnu hjá ríki og sveitarfélögum.
- 3) Ríkisstjórnin ætti að vera kosin reglulega í frjálsum og almennum kosningum þar sem allir fá að kjósa.



### 22. grein

Þjóðfélagið sem þú býrð í á að veita þér félagslegt og efnahagslegt öryggi og réttindi sem eru nauðsynleg fyrir virðingu þína og þroska.



### 23. grein

- 1) Þú hefur rétt á atvinnu að frjálsum vali og að fá að vinna við góð skilyrði.
- 2) Fólk á að fá sömu laun fyrir sömu vinnu.
- 3) Þú átt að geta fengið laun sem tryggja þér og fjölskyldu þinni mannsæmandi lífskjör.
- 4) Þú hefur rétt á að taka þátt í stéttarsamtökum til að verja hagsmuni þína.



### 24. grein

Þú hefur rétt á hvíld og frítíma.  
Vinnudagurinn þinn ætti ekki að vera of langur og þú átt að geta farið reglulega í frí og haft laun í fríinu.




### 25. grein

1) Þú hefur rétt á nægilega góðum lífskjörum til að þú getir lifað heilbrigðu og þægilegu lífi. Þú hefur rétt á mat, fatnaði, húsnæði, læknishjálpi og annarri félagsþjónustu.  
Þú hefur rétt á aðstoð ef þú ert ekki í vinnu eða ófær um að vinna.



### 26. grein

- 1) Þú átt rétt til að fá menntun. Grunnskóli á að vera ókeypis. Börn skulu vera skólaskyld. Þú átt sama rétt og aðrir til að stunda nám eins lengi og þú getur.
- 2) Í skólanum átt þú að geta þróað alla hæfileika þína og þú átt að læra að virða annað fólk.
- 3) Foreldrar þínir skulu ráða mestu um menntun þína meðan þú ert barn.



### 27. grein

- 1) Þú hefur rétt til að taka þátt í menningarlífi þjóðfélagsins, njóta lista og njóta góðs af vísindalegum framförum.
- 2) Ef þú ert listamaður, rithöfundur eða vísindamaður, á að verja það sem þú býrð til og þú átt fá að njóta góðs af því sem þú skapar.



### 28. grein

Þú átt rétt á að fá að njóta allra þeirra réttinda og frelsis sem fjallað er um í þessari yfirlýsingu.



### 29. grein

- 1) Þú hefur skyldur við þjóðfélagið enda tryggir það eitt fullan og frjálstan persónuþroska einstaklingsins.
- 2) Lögin skulu tryggja mannréttindi og virðingu fyrir frelsi og réttindum annarra. Lögin skulu tryggja siðgæði, reglu og velferð almennings.
- 3) Þessi réttindi eiga að vera í samræmi við og styðja við tilgang og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.



### 30. grein

Engin manneskja, hópur eða stjórnvöld hafa rétt til að að gera að engu þau mannréttindi sem fjallað er um í þessari mannréttinda-yfirlýsingu.